

Enduruppbygging á hljóðhimnu

Gert er við gat á hljóðhimnu í skurðaðgerð. Tekinn er vöðvahimnubútur frá vöðva nærri eyranu og hann notaður til að loka gatinu. Til að komast að hljóðhimnunni er gerður skurður bak við eyrað. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarsstögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- fyrri reynslu af svæfingum
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- hæð og þyngd
- áfengisneyslu og reykingar
- gervitennur og tannbrýr
- heilsufar og sjúkdóma
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelu ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennislisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Svæfingunni er viðhaldið með svæfingalyfjum og verkjalyf gefin meðan á aðgerð stendur.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild A5. Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi lyfjagjöf. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Vart getur orðið við hálssærindi eftir svæfinguna þar sem notuð er barkaþræðing eða kokgríma til að tryggja öndunarveg meðan svæfingin varir. Særindin hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.

Útskrift er áætluð samdægurs.

<p>Eftir aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verkjalyf eru gefin reglulega • létt máltíð fyrir heimferð • fótaferð er leyfð strax eftir komu á deild • þvaglát eru nauðsynleg fyrir útskrift 	<p>Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskriftarfræðslu • rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á • endurkomutíma hjá lækni
--	---

Útskrift

Verkir

Eyrnasvæðið kann að vera bólgið og dofið í nokkra daga og búast má við verkjum sem lýsa sér sem stingur í eyra. Einnig getur borið á óþægindum í vanga og kjálka. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Aðgerðarsvæði

Í aðgerðinni er sett grisja í hlustina og er hún fjarlægð í endurkomutíma hjá lækni. Blætt getur frá eyranu fyrstu 1-2 dagana. Eðlilegt er að finna slátt eða heyra skjáf og smelli í eyranu meðan sár er að gróa. Læknir veitir upplýsingar um hvenær má þvo hárið eftir aðgerð. Áður en hárið er þvegið þarf að setja þurran bómullarhnoðra fremst í hlust og annan vaselínvættan utan yfir, til að hlífa skurðsári.

Hreyfing

Forðast þarf:

- heit böð og gufu fyrstu dagana eftir aðgerð.
- að hreyfa sig snögg vegna hættu á svima.
- áreynslu, að rembast og lyfta þungu fyrstu tvær vikurnar eða samkvæmt fyrirmælum læknis.
- að stunda æfingar eða íþróttir í a.m.k. þrjár vikur.
- að snýta sér kröftuglega til að minnka hættu á þrýstingi í eyra. Því er nauðsynlegt er að snýta sér varlega og aðeins með annarri nösinni í einu. Einnig að hnerra og hósta með opinn munninn fyrstu vikuna eftir aðgerð.

Vinna og ferðalög

Hafa þarf samráð við lækni um hvenær byrja má að vinna aftur. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma hjá lækni. Það er í lagi að ferðast með flugvél fjórum vikum eftir aðgerð nema læknir hafi tekið annað fram. Til að losna við hellu fyrir eyrum má halda fyrir nefið, loka munninum og kyngja. Til að verjast hávaða fyrst eftir aðgerðina er gott að hafa vaselínvættan bómullarhnoðra fremst í hlust. Einnig er nauðsynlegt að nota heyrnarhlífar á vinnustöðum þar sem hávaði er mikill.

Kostnaður

Greidda þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild A5 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- líkamshiti er hærri en 38,5°C
- viðvarandi blæðing eða gröftur er frá eyra
- roði eða bólga er í kringum skurðsvæði
- viðvarandi óljós verkur er á eða kringum aðgerðarsvæði sem minnkar ekki við töku verkjalyfs
- merki eru um veiklun eða máttleysi í andliti fyrstu dagana eftir aðgerð
- stöðug ógleði eða uppköst.

Símanúmer

Dagdeild A5 er opin virka daga frá kl. 7 til 22	543 7570
Göngudeild skurðlækninga B3 er opin frá kl. 8 til 16	543 7390
Utan þess tíma má hafa samband á deild A4 í síma	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.